

Fundur 4. september með stjórnendum Varmárskóla

Mættir: Pórhildur, Póranna, Sigríður, Helga Kristín, Elfa, Erla Birna og Benedikt

Foreldrasamstarf: Spurningu er varpað til stjórnenda um hvers þeir vænti af samstarfi við foreldrafélagið? Stjórnendur segjast vænta góðra og jákvæðra samskipta. Hingað til hafi störf foreldrafélagsins að mestu snúist um skemmtanir (s.s. bingó og öskudag) og finnst jákvætt að foreldrar vilji aukið samstarf. Lengri aðdraganda þurfi þó að sumum verkefnum, t.d. skólaferðum með tilliti til kennsluáætlana. Foreldri les upp úr bók Nönnu K. Christianssen „Skóli og skólaforeldrar: ný sýn á samstarf um nemandann (2010)“. Höfundur leggur áherslu á mun á samskiptum og samstarfi og gengið er út frá eftirfarandi markmiðum og skilgreiningum á foreldrasamstarfi.

- „Samstarf felst í því að tveir eða fleiri aðilar eiga sér sameiginlegt markmið sem báðir/allir stefna að og taka sameiginlega ábyrgð á.“
- „Inntak samstarfsins felst í upplýsingum, samræðu og hlutdeild með sameiginlegri ákvarðanatöku.“
- „Markmið samstarfsins er að skóli og skólaforeldrar samnýti úrræði, áhrif og völd til að tryggja hagsmuni einstakra nemanda, nemendahópa og skólasamfélagsins sem annars væri ekki á færi hvors um sig.“

„Samstarf heimila og skóla á ekki að snúast um tryggja kennurum og skólastjórnendum stuðning foreldra líkt og stundum hefur verið haldið fram. Markmið samstarfs heimila og skóla á að felast í því að tryggja nemendum stuðning þessara tveggja stofnana. Samstarfið á að felast í því að skóli og foreldrar setja sér sameiginleg markmið sem þeir ábyrgjast að vinna að í sameiningu. Það er hlutverk kennarans að aðstoða foreldra í því mikilvæga verkefni sem uppeldi fylgir og sameinar fullorðna fólkið þannig krafta sína í þágu þroska og velferðar nemanda (Desforges og Abouchaar, 2003; Nanna Kr. Christiansen, 2010).“

Rætt er um hvernig foreldrafélagið geti stutt við skólastarfið/skólasamfélagið og bent er á þann mikla mannauð sem býr í foreldrum. Foreldri býðst til að útbúa lítinn fyrirlestur/námskeið fyrir kennara/starfsmenn um samskipti sem stjórnendur taka vel í. Ekkert er ákveðið með fasta fundi í vetur.

Bekkjafulltrúafundur: Þær dagsetningar sem verkefnastjóri Heimili og skóla leggur til henta illa og er niðurstaðan: bekkjarfulltrúafundur 25. október þar sem haldnir verða tveir fundir (yngri/eldri deild) samdægurs og boðið upp á súpu á milli. Undirbúningsfundur 25. sept.

Einstakir nemendur í eldri deild: Sagt er frá ánægju foreldra með átak í eldri deild fyrir nemendur sem þurfa margvíslegan stuðning. Teknar hafa verið í notkun nýjar stofur: Atómstöðina, Gerplu og Heimsljós með mismunandi úrræðum sem verður áhugavert að fylgjast með hvernig þróast.

Skólaferðir: Ferðin í Laugar í Sælingsdal verður en tveir af þremur umsjónarkennurum verða í fríi umrædda daga en aðrir kennarar verða fengnir í þeirra stað. Foreldrar bjóða fram aðstoð varðandi mönnun og undirbúning. Þórhildur hefur boðað fulltrúa foreldra á fund 21. sept til að ræða sérstaklega skólaferðir.

Mat á skólastarfi: Í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga voru flestar skýrslur er varða mat á skólastarfi fjarlægðar nema þær allra nýjustu. Gerð var athugasemd við það og fengust þær skýringar hjá stjórnendum að það hafi verið gert samkvæmt beiðni þeirra yfirmanna og að leita ætti til fræðslusviðs.

Námsefniskynning: Skólastjóri yngri deildar viðrar hugmynd um breytingar á námsefniskynningum foreldra: „Hvernig get ég stutt við barnið mitt“. Haldnir verða þrír fundir á sal: 1-2. bekkur, 3-4. bekkur og 5-6. bekkur og óskað eftir stuttri kynningu frá Foreldrafélaginu sem stjórnin tekur vel í. Skólastjóri mun tímasetja fundina og láta vita.

ERINDI – bættur skólabragur: Hver er staðan? Haldinn var kynningarfundur með starfsfólki á verkefninu í skólabyrjun sem vakti áhuga og er næsta skref að búa til vinnuhóp til að undirbúa þemadaga sem eru í byrjun nóv. Kynning hefur fram á verkefninu í fræðslunefnd og er þetta í fyrsta skipti sem heill skóli tekur þátt. Erindi verður með foreldrafund 2. okt, kl 17-18:30 og er hlutverk foreldrafélagsins að hvetja foreldra til að mæta. Athugað verður hvort hægt sé að streyma fyrirlestrinum. Eftir þemadaga verður staðan tekin og haldið nemenda- og foreldraþing og þjóðþing í mars með þátttöku nemenda og foreldra.

Skólabílar: Í upphafi skólaárs mættu skólabílar seint eða ekki og kunnu bílstjórar ekki leiðirnar. Gerð er athugasemd við að Reykjahverfisbörn þurfa að taka langan rúnt í Leirvogstungu, upp í dal og í Helgafellshverfi áður en komið er í Reykjahverfi.

Vespur: Foreldrar hafa þungar áhyggjur af vespum og ekki spurning um hvort heldur hvenær slys verði. Hvað er til ráða? Skólinn mun ræða sérstaklega við eigendur og foreldrar spyrja hvort hægt sé að staðsetja stæði þannig að ekki sé keyrt yfir skólalóð.

Upplýsingatækni (UT): Í lok fundar var spurt um stöðuna í UT málum. Ekki var ráðinn leiðtogi í upplýsingatækni og er skólinn að skoða möguleika á Google classroom. Foreldrafélagið vill gjarnan leggja sitt af mörkum til að undirbúa börnin undir breytta tíma og ýta undir kennslu í nýsköpun, forritun, samvinnu og rökhugsun og viðrar hugmyndir um tækniátak. Þangað til flötur finnst á LEGO verkefninu sem stjórnendur segja að verði ekki hægt að nýta fyrr en á vorönn er upplagt að skoða hugmyndir þeirra um Sphero sem taka má strax í notkun. Nokkrir kennarar bæði í yngri og eldri deild hafa lýst yfir áhuga á að vinna með Sphero. Stjórnendur taka vel í þetta og leggja til að styrkur sem skólinn hlaut til eflingar á tækni verði notaður til að styðja við áhugasama kennara með vinnustofu. Stjórn reiknar með að bekkjarsett verði klárt í lok sept/byrjun okt og verði til að byrja með í eigu foreldrafélagsins. Spurt er um dagskrá á starfsdegi bæjarins þar sem boðið var upp á ýmis áhugaverð erindi:

- ✓ Einn leikskóli, mörg tungumál - Friða Bjarney Jónsdóttir
- ✓ Hvernig styður starfsþróun og samstarf kennara við lærdómssamfélagið - Júlíana Tyrfingsdóttir
- ✓ Breyttir kennsluhættir, tækni og framtíðin... - Ingvi Hrannar Ómarsson
- ✓ Matur og orka, daginn út - Friða Rún Þórðardóttir
- ✓ Skapandi hugsun í stærðfræði- Ósk Dagsdóttir
- ✓ Spjaldtölvur með yngstu börnunum – Björgvin Ívar Guðbrandsson
- ✓ Spjaldtölvur í skapandi skólastarfi – Álfhildur Leifsdóttir
- ✓ „Þeir eru svo miklu betri saman en sundur!“ Ingvar Sigurgeirsson
- ✓ Útivist og áttthagar – útismiðja – Bjarki Bjarnason
- ✓ Samskipti og vinátta - Vanda Sigurgeirsdóttir
- ✓ Málþærni ungra barna: tal- og tjáningarvandi barna á leikskólaaldri – Lára Halldórsdóttir
- ✓ Námsmat í leikskóla - Anna Elísa Hreiðarsdóttir